

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðarinnar Útgarðs 4 á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 18. desember 2007 var samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina að Útgarði 4 á Húsavík.

Lóðin afmarkast af Auðbrekku, Pálsgarði og Útgarði í austri, suðri og norðri. Vesturmörk lóðarinnar liggja um miðjan götureit sem afmarkast af ofangreindum götum og Ketilsbraut. Lóðin er um 3.800 m² að flatarmáli. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir 28 þjónustubúðum í allt að 5 hæða húsum innan lóðarinnar. Heimilað nýtingarhlutfall lóðar er 1,0 fyrir utan niðurgrafna bílgeymslu.

Deiliskipulagi þetta var auglýst skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 17. janúar 2008.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2008